

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Túnis, nr. 283/2015.

1. gr.

Almenn ákvæði.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktun er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda eru og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, nr. 68/2023.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliður bætist við 2. gr. reglugerðarinnar:

1.9 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/2664 frá 8. október 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2011/72 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Túnis, sbr. fylgiskjal 1.9.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 68/2023.

3. gr.

Viðurlög.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 20. nóvember 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.9.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/2664****frá 8. október 2024****um breytingu á ákvörðun 2011/72/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Túnis**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. janúar 2011 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/72/SSUÖ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Túnis.
- 2) Skráningu tveggja aðila og upplýsingar varðandi rétt þeirra til varnar og skilvirkrar réttarverndar ætti að fella brott á grundvelli endurskoðunar ráðsins.
- 3) Hinn 27. nóvember 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/2686⁽²⁾ um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að koma inn ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum.
- 4) Ráðið telur að innleiða ætti endurskoðunarákvæði í tengslum við þessar undanþágur.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun 2011/72/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2011/72/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr.:
„3. Undantekningarnar sem um getur í 6. og 7. mgr. 1. gr. að því er varðar 1. og 2. mgr. 1. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 12 mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúans eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallarbreytingar á aðstæðum.“
- 2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 8. október 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,**forseti.*

VARGA M.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2011/72/SSUÖ frá 31. janúar 2011 um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum með tilliti til ástandsins í Túnis (Stjtið. ESB L 28, 2.2.2011, bls. 62).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/2686 frá 27. nóvember 2023 um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum (Stjtið. ESB L, 2023/2686, 28.11.2023, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/2686/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/2664/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB.

Síðari breytingar og uppfærslur listans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eurlex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Nr. 1438

20. nóvember 2024

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

B-deild – Útgáfudagur: 5. desember 2024